

Ed.

431. Nefndarálit

[246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Ríkismati sjávarafurða, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, sjávarútvegsráðuneytinu, Félagi fiskmatsmanna og Félagi starfsmanna Ríkismats sjávarafurða. Fulltrúar Sjómannasambands Íslands gátu ekki mætt á fundi nefndarinnar vegna anna.

Eftir að hafa rætt frumvarpið og skipst á skoðunum við fyrirtalda aðila mælir meiri hl. með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 18. des. 1986.

Valdimar Indriðason,
form., frsm.

Björn Dagbjartsson,
fundaskr.

Árni Johnsen,
með fyrirvara.

Kolbrún Jónsdóttir.

Karl Steinar Guðnason.

Jón Kristjánsson.